



# Umsögn

## 9. mál, mannanöfn

18. október, 2018

Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland fagna frumvarpi til laga um mannanöfn og telja það vera til góða, þó með þeirri undantekningu að bæta má orðalag í 9. gr er kveður á um breytingar á öðrum lögum, nánar tiltekið barnalögum nr. 76/2003, en þar segir: „Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Heimilt er að skrá kyn barns í þjóðskrá sem karlkyn, kvenkyn eða annað/órætt.“ Að merkja kyn barns „órætt“ er útilokandi, ýtir undir áframhaldandi sjúkdómsvæðingu intersex fólks og er ekki til þess fallið að bæta réttarstöðu fólks með ódæmigerð kyneinkenni.

Mun betra er að fara þá leið að fella alfarið niður kynskráningar eða, þar sem það er ekki er hægt að fella niður kynskráningar allra, að skrá þá intersex börn sem karlkyn eða kvenkyn og að það sé auðvelt að breyta ef það reynist svo röng kynskráning. Þessar ráðleggingar eru frá OII-Europe (Organisation Intersex International - Europe) sem Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland taka undir og koma hér með á framfæri.

Varðandi nafngift þá er það í valdi hvernar manneskju að ákveða nafn sitt sjálf óháð kynvitund og kyneinkennum. Nafn er stór hluti af sjálfsmynd hvernar manneskju og því þarf að vera gott svigrúm til breytinga þar sem flestöll okkar velja ekki eigið nafn fyrr en síðar á lísfleiðinni og þurfa því, mögulega á vissum tímavörðum, að breyta nafni sínu. Einnig þarf að vera gott rúm til breytinga þegar kemur að því að skrá kyn sitt í þjóðskrá og mikilvægt er að bjóða upp á möguleikann að skrá ekki kyn sitt eða vera fyrir utan hinnar hefðbundnu kynjatvíhyggju.

Ásamt ofantöldum atriðum þá leggja Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland það til að órætt verði tafarlaust tekið út og að kynskráningar verði karlkyn, kvenkyn og/eða hlutlaus kynskráning sem þá er táknuð sem X í vegabréfi og öðrum viðurkenndum nafnskírteinum.

Við óskum flutningsfólki og allsherjar- og menntamálanefnd góðs gengis.

Virðingarfyllt,

Daníel E. Arnarsson  
Framkvæmdastjóri Samtakanna '78

Kitty Anderson  
Formaður Intersex Ísland

Alda Villiljós  
Formaður Trans Ísland